

# Námskeiði í frumkvöðlafræðslu lokið

Búnaðarsamband Suðurlands og Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands stóðu á dögum fyrir námskeiði í frumkvöðlafræðslu á Suðurlandi sem lauk með lokahófi á Hótel Selfossi 25. janúar sl.

Á námskeiðinu var kennt m.a. hvernig koma megi auga á viðskiptatækifæri í nánasta umhverfi, og hvernig megi nýta sér það í ábataskyni. Kennnd var mótun stefnu og markmiðasetning, grundvallaratriði við gerð viðskiptaáætlunar, vörupróun, markaðsmál, hvernig gera eigi fjárhagsáætlanir, fjármögnun viðskiptahugmynda, sala og samningatækni.

Þátttakendur, sem voru tólf talsins, unnu stutta viðskiptaáætlun á námskeiðinu og kynntu hana síðan á lokahófinu að viðstöddum landbúnaðarráðherra Guðni Águstssyni, samnemendum og aðstandendum þeirra, fulltrúum þeirra sem að námskeiðinu stóðu og fjöldi annara gesta.

Útibússtjóri Landsbankans á Selfossi, Nína Pálsdóttir, veitti verðlaun fyrir bestu viðskiptaáætlunina sem Sigurður Torfi Sigurðsson, Stokkseyrarseli hlaut fyrir hugmynd sína að setja á stofn járingaskóla. Hugmyndin gekk út á að kenna á námskeiðsformi járingar og hófumhírðu. Verðlaunafé var 50 þúsund krónur.

Mörg góð verkefni voru á námskeiðinu og sum þeirra nú þegar komin í framkvæmd og öðrum verið að hleypa af stokkunum. Eftirfarandi aðilar tóku þátt í námskeiðinu:

- Ellisif Bjarnadóttir, Helgastöðum í Biskupstungum. Gerði, ræktun sumarblóma og gallery
  - Viðar Steinarrson, Kaldbak á Rangárvöllum. Heimaslátrun. Slátrun og úrvinnsla afurða heima á búinu.
  - Sólveig Ólafsdóttir, Efri-Brúnavöllum I, Skeiðum. Hestaklúbbur, aðgangur þéttbýlisbúa að hestum og umhírðu í áskrift.
  - Haraldur Þórarinnsson, Laugardælum. Brunnur ehf. Uppbygging þekkingaþorps að Laugardælum.
  - Víglundur Þorsteinsson, Höfða í Biskupstungum. Höfðahænur. Ræktun og sala á lynghænum/akurhænum og eggjum þeirra.
  - Guðmundur Viðarson, Skálakoti. Hótel og veitingarekstur að Skálakoti.
  - Sigurður Kárasón, Háholti, Skeiða og Gnúpverjahreppi. Catvík kattasandur. Úrvinnsla og þökkun á sandi til gæludýrabúða og fleiri.
  - Sigurður Torfi Sigurðsson, Stokkseyrarseli í Árborg. Járingaskóli að Stokkseyrarseli.
  - Vildís Ósk Harðardóttir, Hólum í Árborg. Sumardvöl á Hólum fyrir börn og unglínga
  - Elín Finnbogadóttir, Selfossi. Grýluhellir. Grýla og fjölskylda gerð aðgengileg ferðamönnum allt árið um kring.
  - Guðlaugur Kristmundsson, Lækjarbotnum í Landssveit. Skógerðin TÁB. Framleiðsla og sala á inniskóm.
  - Birna Björnsdóttir, Hveragerði. Stílistinn, verslun og ráðgjöf með fatnað í Sunnumörk, Hveragerði.
- Fyrirlesarar á námskeiðinu voru Ágúst Pétursson, verk-

efnastjóri hjá Frumkvöðlafræðsluni ses. og Valdimar Bjarnason rekstrarráðgjafi hjá Búnaðarsambandi Suðurlands.

Búnaðarsamband Suðurlands þakkar samstarfsaðilum fyrir ánægjulegt samstarf.



Sigurður Torfi Sigurðsson tekur við verðlaunum fyrir bestu viðskiptaáætlunina úr hendi Nínu Pálsdóttur útibússtjóra Landsbankans.

## Magninnkaup á sáðvöru

Búnaðarsambandið vill kanna vilja bænda á starfssvæði sambandsins til að standa saman að innkaupum á sáðvöru fyrir sumarið 2005. Um yrði að ræða allar tegundir af sáðvöru í hefðbundnum landbúnaði s.s. gras- og græn-fóðurfræ.

Hér er aðeins um kynningu á hugmyndinni að ræða og framhaldið ræðst af viðbrögðum bænda. Þeir bændur sem hefðu hug á að taka þátt í sameiginlegum innkaupum eru beðnir að hafa samband við Jóhannes hjá Búnaðarsambandinu fyrir 11. febrúar nk. í síma 480 1809 eða með tölvupósti á johannes@bssl.is og tilgreina þar nafn, heimilsfang og hugsanlegt magn af grasfræi annars vegar og græn-fóðurfræi hins vegar. Magn frækaupa í könnuninni er ekki bindandi að svo komnu máli en verði framhald á hugmyndinni verða menn beðnir að staðfesta pantanir og verður hún þá bindandi.

**Jóhannes Hr. Símonarson.**

## Kúabændur athugið !

Kúabændur á Suðurlandi eru minntir á að aðalfundur LK verður haldinn dagana 8. og 9. apríl næstkomandi á Hótel Selfossi. Laugardagskvöldið 9. apríl verður haldin árshátíð kúabænda á Hótel Selfossi. Skráning á árshátíðina er hafin hjá Bændasamtökunum í síma 563-0300. Miðaverð er kr. 3.900. Kúabændur á Suðurlandi eru hvattir til að fjölmenna og panta miða í tíma.

**Stjórn Félags kúabænda á Suðurlandi**



# FRÉTTABRÉF

BÚNAÐARSAMBANDS SUÐURLANDS

Febr. 2005 - 27. árgangur. - 2. tölublað

## Förgun á heyrúlluplasti

Samkvæmt lögum nr. 162/2002, með síðari breytingum, er innheimt sérstakt úrvinnslugjald af heyrúlluplasti. Gjald þetta hefur verið innheimt frá 1. janúar 2004 og er 25 kr á hvert kg af innfluttu plasti. Úrvinnslusjóður fer með framkvæmd laganna en reglugerð nr. 227/2003 fjallar nánar um framkvæmd þeirra. Gjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við meðhöndlun heyrúlluplasts og endurnýtingu eftir að það hefur þjónað upphaflegum tilgangi. Úrvinnslusjóður greiðir ákveðna upphæð fyrir hvert kg af plasti sem er safnað um leið og fyrir liggur staðfesting á móttöku plastins til endurnýtingar (eða urðunar). Endurgjald Úrvinnslusjóðs til bænda og þjónustuaðila vegna heyrúlluplasts er skv. gjaldská sjóðsins hverju sinni. Fyrir plast sem ráðstafað er til endurnýtingar innanlands sem erlendis eða til brennslu með orkunýtingu eru nú greiddar 35 kr./kg. Fyrir plast sem ráðstafað er til urðunar eru greiddar 8 kr.

Á heimasíðu Úrvinnslusjóðs ([www.urvinnslusjodur.is](http://www.urvinnslusjodur.is)) er greint frá þremur meginleiðum við söfnun og endurnýtingu. Þar má einnig nálgast nánari upplýsingar um þá skilmála sem uppfylla þarf fyrir greiðslu.

### Leið 1

Bændur ganga frá plastinu og koma því til endurnýtingar og fá fyrir það greiðslu frá Úrvinnslusjóði. Margir bændur geta unnið saman auk þess sem búnaðarfélag og búnaðarsambönd geta skipulagt söfnunina hvert á sínu svæði.

### Leið 2

Á vegum sveitarfélaga safna verktakar árlega eða oftar plasti frá bændum líkt og gert er sums staðar í dag. Úrvinnslusjóður greiðir verktaka þegar fyrir liggur að plastinu hefur verið skilað til endurnýtingar.

### Leið 3

Sveitarfélög reka söfnunarstöðvar þar sem tekið er við heyrúlluplasti frá bændum. Verktakar sækja plastið til söfnunarstöðva og flytja það til endurnýtingar að undangenginni nauðsynlegri forvinnslu. Verktakar fá greitt frá Úrvinnslusjóði þegar fyrir liggur að plastinu hefur verið skilað til endurnýtingar. Úrvinnslusjóður greiðir sveitarfélögum söfnunarstöðvargjald fyrir veitta þjónustu á söfnunarstöðvum.

Ítarlegri umfjöllun er að finna í Acrobat skjalinu (pdf-skjal):

„ÚRVS-01-01 - Endurnýting rúllubaggaplasts — skilmálar fyrir bændur, þjónustuaðila og ráðstöfunaraðila” sem finna má á vefsíðu Úrvinnslusjóðs. Fyrir þá sem ekki hafa nettengingu má nálgast skjalið á skrifstofu Búnaðarsambandsins.

Sveitarfélög ákveða lögum samkvæmt fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi og er þeim málum sinnt með mismunandi hætti. Í sumum sveitarfélögum eru starfræktar söfnunarstöðvar/gámasvæði en í öðrum eru það verktakar sem sækja sorp heim á bæi með reglulegu millibili td. vikulega. Sveitarfélög munu væntanlega í framhaldi af þessum skilmálum Úrvinnslusjóðs kynna bændum þær leiðir sem boðið verður uppá varðandi förgun á heyrúlluplasti.

Bændur einn eða fleiri saman geta eigi að síður sótt um að skila plasti beint til ráðstöfunaraðila. Þá þarf að semja við ráðstöfunaraðilann um hvaða gjald hann tekur fyrir ráðstöfun sem getur verið brennsla, útflutningur eða urðun. Bóndinn greiðir ráðstöfunaraðilanum en fær greiðsluna frá Úrvinnslusjóði. Velji bændur þessa leið virðist vænlegast að pakka plastinu með þeim rúlluvélum og ferbaggavélum sem til þess henta og skila sjaldan, jafnvel á nokkurra ára fresti.

Margt er enn óljóst varðandi framkvæmd enda viðfangsefnið í þróun.

*Að verulegu leyti byggt á grein eftir Ara Teitsson á [www.bugardur.is](http://www.bugardur.is).*

## EFNI BRÉFSINS

Förgun á heyrúlluplasti  
Bls. 1

Afurðir aldrei meiri en á síðasta ári.  
Bls. 2

Kvígusæðingar.  
Bls. 3

Námskeið í frumkvöðlafræðslu lokið.  
Bls. 4

Magninnkaup á sáðvöru  
Bls. 4

Kúabændur athugið  
Bls. 4

Ritstjóri:  
Jóhannes Hr. Símonarson,  
Runólfur Sigursveinsson,  
Guðmundur Jóhannesson.

Ábyrgðarmaður:  
Sveinn Sigurmundsson  
Sími 480 1800 - Fax 480 1818  
Netfang: [bssl@bssl.is](mailto:bssl@bssl.is)  
Vefslóð: <http://www.bssl.is>  
ISSN 1605-7546  
Prentun:  
Prentsmiðja Suðurlands ehf.

